





**Skrá yfir framlögð skjöl, merkið með krossi í viðeigandi reiti**

1. <input type="checkbox"/> Umsókn um atvinnuleysisbætur.	8. <input type="checkbox"/> Staðfesting á greiðslu tryggingagjalds sjálfstætt starfandi einstaklings.
2. <input type="checkbox"/> Umsókn um atvinnu.	9. <input type="checkbox"/> Önnur gögn (hvaða?).
3. <input type="checkbox"/> Yfirlit um greiðslur atvinnuleysisbóta.	10. <input type="checkbox"/>
4. <input type="checkbox"/> Vottorð vinnuveitenda um starfstímabil / starfshlutfall.	11. <input type="checkbox"/>
5. <input type="checkbox"/> Samningur um starfsleitaráætlun.	12. <input type="checkbox"/>
6. <input type="checkbox"/> Tilkygning um úrskurð úthl. nefndar atvinnuleysisbóta.	13. <input type="checkbox"/>
7. <input type="checkbox"/> Læknisvottorð.	14. <input type="checkbox"/>

Staður og dagsetning	Undirskrift kæranda
----------------------	---------------------

**Úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða**

Félags- og tryggingamálaráðuneytið,  
Hafnarhúsinu v. Tryggvagötu,  
150 Reykjavík  
Sími 545-8100 / Bréfasími 552-4804

## Úr Stjórnsýslulögum nr. 37/1993

### 7. gr.

#### *Leiðbeiningarskylda.*

Stjórnvald skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess.

Berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, ber því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er.

### 10. gr.

#### *Rannsóknarreglan.*

Stjórnvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

### 11. gr.

#### *Jafnræðisreglan.*

Við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti.

Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða, byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.

### 12. gr.

#### *Meðalhófsreglan.*

Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

### 13. gr.

#### *Andmælaréttur.*

Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

### 15. gr.

#### *Upplýsingaréttur.*

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er málið varða. Fari aðili fram á að fá afrit eða ljósrit af málsskjölum skal orðið við þeirri beiðni nema skjölin séu þess eðlis eða fjöldi þeirra svo mikill að það sé verulegum vandkvæðum bundið.

### 21. gr.

#### *Hvenær veita skal rökstuðning.*

Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef:

1. umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti,
2. um er að ræða einkunnir sem veittar eru fyrir frammistöðu á prófum,
3. um er að ræða styrki á sviði lista, menningar eða vísinda.

Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því að hún barst.

Úrskurðum í kærumálum skal ávallt fylgja rökstuðningur.

### 26. gr.

#### *Kæruheimild.*

Aðila máls er heimilt að kæra stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds til þess að fá hana fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Ákvörðun, sem ekki bindur enda á mál, verður ekki kærð fyrr en málið hefur verið til lykta leitt.

### 27. gr.

#### *Kærufrestur.*

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun, nema lög mæli á annan veg.